

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr.13, haldinn mánudaginn 01.10.2013 kl. 17:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð

1. Gestur frá UMFÍ Sabína Halldórssdóttir.
Sabína kom á kynnti stjórnarmönnum félagsmálaskóla UMFÍ en í honum er meðl annars fjallað um leiðir til þess að auka þátttöku almennra félagsmanna í starfi félaga. Stefnt er að því að fá Sabínu til þess að halda námskeið í haust og verður hún með kynningu á því á nefndarkvöldi Spretts.
2. Vetrardagskrá.
Drög að vetrardagskrá kynnt og verða þau send á formenn í nefndum Spretts til umsagnar. Stefnt að því að koma dagskránni í prentun í lok mánaðarinnis.
3. Bréf frá fræðslunefnd.
Lagt fyrir bréf frá fræðslunefnd. Formanni falið að svara því.
4. VSK-mál.
Erfiðlega hefur gengið hjá bæjaryfirvöldum í Kópavogsbæ að ganga frá málum sín megin en væntanlega verður þetta tekið fyrir á næsta bæjarráðsfundi.
5. Vegur milli hverfa.
Búið er að óska eftir fundi við skipulagsyfirkvöld í Garðabæ
6. Aðgangur að reiðhöll.
Um mánaðarmótin voru allir rafræninr lykklar að reiðhöll endursettir. Búið er að gefa út gjaldskrá sem gildir til 1.febrúar 2014. Óánægju hefur gætt hjá tamningamönnum á svæðinu vegna þessa, GH og ÞS ætla að funda með fulltrúm þeirra
7. Starfsmannamál.
Ljóst að huga þarf að starfsmannamálum til framtíðar, stjórnarmenn hugsi það til næsta fundar hvernig best er að standa að því

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Hermann Vilmundarson